

## Læsissteymisfundur 13. desember 2021

**Mættar:** Sunna, Sella, Nanna og Ásdís

**Hugmynda umræða um lestrarátak**, Nanna kom með myndir af útfærslum. Popp í potti, hali á dreka, fiskur í sjó - þar sem lesnum bókum var safnað saman. Spurning um að setja upp eitthvað sjónrænt t.d. inn í matsal en safna saman lesnum mínútum og verðlauna þann bekk sem las lengst.

Spurning um að hver bekkur setji sér markmið og reyni að ná sínu markmiði sem búið er að gefa út. Þá gæti bekkur t.d. ákveðið að lesa í viku og þurfa að reikna út hve margar mínútur það séu og fá svo verðlaun.

**Ákveðið:** Sameiginleg bókahilla frammi þar sem allir safna inn lestnum bókum (föndra bókakjöl). Samtímis skrá allir hjá sér lesnar mínútur og hver bekkur setur sér markmið með sínum kennara, kennarinn sér svo um að verðlauna sinn hóp ef þeir ná markmiðinu sínu.

Dæmi: 8. bekkur setur sér markmið að lesa í heila viku. Það eru þá 10.080 mín. Ef við deilum því á 21 nemanda þá þarf hann að lesa 480 mín í heildina sem gera tæpar 35 mín á dag í 2 vikur.

Hugmyndir að verðlaunum fyrir bekkina: bíó og popp, spilatími, frjáls tími, útitími, heimsókn eitthvert....  
Um að gera að taka þá umræðu með bekknum samhliða markmiðasetningunni.

**Yfirferð á Læsisstefnu skólans** - förum í hana í janúar.